



**266. Stjórnarfundur haldinn 30. mars 2006 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá ÍSÍ v/ samnings við Flugfélag Íslands. (sent í tölvupósti til deildastjórna)

Bréf frá Kristjáni Guðlaugssyni gjaldkera körfuknattleiksdeildar þar sem hann óskar eftir framlengingu á núverandi yfirdrætti í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi til 30 apríl 2006. Um er að ræða einn mánuð.

Aðalstjórn samþykkir framlengingu á núverandi yfirdrætti körfuknattleiksdeildar við Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi til 30. apríl 2006.

Bréf frá Lögheimtunni v/skuldar knattspyrnudeildar við MD málara ehf. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið með formanni knattspyrnudeildar.

**3. Send bréf.**

Engin

**4. Skipan í 17. júní nefnd.**

Ákveðið að skipa Einar H, Kára G, Svein A og Guðjón A í nefndina. Fyrsti fundur væntanlega boðaður í næstu viku.

**5. Skil á starfskýrslum til ÍSÍ fyrir 15. apríl 2006.**

Framkvæmdastjóri sagði frá námskeiði í Felix sem haldið var 21. mars með Láru Óskarsdóttur, en þar voru mætti fulltrúar allra deilda ásamt framkvæmdastjóra. Deildir eru að vera búnar að uppfæra iðkendatöl sín.

**6. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri lagði fram þrjá samninga sem undirritaðir voru 17 mars, en þeir eru vegna íþrótt- og leikjaskóla, 17. júní hátíðarhalda og rekstarstyrkur vegna félagsheimilis okkar Hringbraut 108. Aðalstjórn lýsir yfir ánægju sinni með þá en þeir eru gerðir við MÍT.

Tillaga að heiðursmerki- og kross lá frammi og voru menn samála að heiðursmerki skuli vera með krans sem kemur út frá Keflavík og nær saman og verður merkið þá hringlagað og stærð merkisins sama stærð og eru á brons- og silfur merkjum okkar og verðu ca. 17 millimetrar í þvermál. Heiðurskrossinn á að vara með logói félagsins og á ekki að hafa krans í kringum sig. Framkvæmdastjóra falið að koma þessu í vinnslu sem fyrst.

Ásmundur Friðriksson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. apríl en mun vinn uppsagnafrestinn.

Boða hefur verið til fyrsta fundar laugardaginn 1. apríl að Tjarnargötu 12 kl. 09:30 vegna byggingu nýs félagsheimilis Keflavíkur ofan á búningsklefa og starfsmannaaðstöðu á Sunnubraut. Einar H, Kári G og Þórður M G munu mæta á fundinn.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.19:25

